

Fimmtudaginn 26. febrúar 1998.

Nr. 306/1997.

Hrói höttur ehf.

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Póri Unnari Valgarðssyni

(Atli Gíslason hrl.)

Vinnusamningur. Kjarasamningur. Ógildi löggernings.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1997. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara, að áfrýjanda verði gert að greiða sér lægri fjárhæð en dæmd var í héraði. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og nánar greinir í héraðsdómi, starfaði stefndi hjá áfrýjanda frá júlí 1995 til mars 1996 og fékkst þá einkum við að aka frá starfsstöð áfrýjanda með flatbökur og aðrar framleiðsluvörur, sem viðskiptavinir pöntuðu frá honum. Til akstursins notaði stefndi bifreiðir, sem hann lagði sjálfur til. Áfrýjandi greiddi stefnda tímalaun auk sendingargjalds, sem nam fastri fjárhæð fyrir hverja sendingu. Kveður áfrýjandi fjárhæð gjaldsins fyrir hverja pöntun hafa verið á bilinu frá 150 til 250 krónur eftir akstursvegalengd. Hafi stefndi farið að jafnaði með tvær til fjórar pantanir í ferð.

Fyrir liggur, að stefndi fékk greiddar frá áfrýjanda samtals 222.900 krónur vegna sendingargjalda á fyrrgreindu tímabili. Stefndi kveðst hafa ekið alls 21.555 kílómetra í þágu áfrýjanda og fengið þannig að meðaltali 10,34 krónur fyrir hvern. Í málinu krefur stefndi áfrýjanda um viðbótargreiðslu fyrir aksturinn. Í aðalkröfu stefnda, sem er um greiðslu á 463.024 krónum, er miðað við, að hann eigi rétt á að fá sem svarar viðmiðunargjaldi, ákveðnu af ríkis-

skattstjóra, vegna afnota vinnuveitanda af bifreið launþega, alls 685.924 krónur, að frádregnum fyrrnefndum greiðslum frá áfrýjanda vegna aksturs.

II.

Kröfur stefnda á hendur áfrýjanda eru nægilega reifaðar, til að efnisdómur verði lagður á málið. Verður því ekki orðið við kröfu áfrýjanda um frávísun þess frá héraðsdómi.

Óumdeilt er, að málsaðilar sömdu þannig um ráðningarkjör stefnda, að hann fengi greitt fyrrnefnt sendingargjald fyrir akstur í þágu áfrýjanda. Í málalíbúnaði stefnda kemur skýrlega fram, að ekki sé kveðið á um greiðslur vinnuveitenda fyrir akstur sem þennan í kjarasamningi milli Félags starfsfólks í veitingahúsum og Vinnuveitendasambands Íslands, sem tók til vinnusambands málsaðila. Stefndi hefur ekki vísað til annars kjarasamnings, sem tekið gæti til starfa hans hjá áfrýjanda að þessu leyti. Er því ekki hald í þeirri málsástæðu stefnda, að umsamin greiðsla til hans fyrir akstur sé í andstöðu við kjarasamning, sem markað geti lágmarkskjör á því sviði, svo sem um ræðir í 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sbr. 5. gr. laga nr. 69/1993, enda verður fyrrnefndri ákvörðun ríkisskattstjóra ekki jafnað til kjarasamnings.

Stefndi ber fyrir sig í annan stað, að samningur hans og áfrýjanda sé svo ósanngjarn eða andstæður viðskiptavenju, að efni séu til að breyta samningnum eða víkja honum til hliðar með stoð í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Um þessa málsástæðu verður að líta til þess, að stefndi hefur ekkert upplýst um þann kostnað, sem hann hafði í raun af akstri í störfum sínum hjá áfrýjanda. Þá hefur stefndi ekki heldur greint í málinu frá gerð eða aldri bifreiða, sem hann notaði í þágu áfrýjanda. Er því ekki unnt að taka mið í þessum efnum af útreikningum Félags íslenskra bifreiðaeigenda á meðaltalskostnaði af rekstri bifreiða, sem stefndi hefur lagt fram í málinu. Þegar að þessu gættu hefur stefndi ekki sýnt nægilega fram á, að fullnægt sé skilyrðum fyrrnefnds lagaákvæðis til að breyta efni samnings hans og áfrýjanda.

Samkvæmt öllu framangreindu verður áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnda. Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Hrói höttur ehf., er sýkn af kröfum stefnda, Þóris Unnars Valgarðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. maí 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Þóri Unnari Valgarðssyni, kt. 170372-5499, Víðimel 59, Reykjavík, á hendur Ásgeiri Einarssyni, kt. 111236-2089, Vorsabæ 12, Reykjavík, fyrir hönd Hróa hattar ehf., kt. 530391-1329, Vorsabæ 12, Reykjavík, með stefnu, birtri 16. október 1996.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 463.024 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1996 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar að mati réttarins ásamt virðisaukaskatti af málflytningisþöknun.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefst hann þess, að kröfu um málskostnað stefnanda til handa verði hafnað, hvernig sem úrslit málsins verði að öðru leyti.

Í greinargerð stefnda, sem lögð var fram í dómi 5. desember 1996, gerði stefndi aðallega þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi. Málið var flutt um þá kröfu 20. febrúar sl., og var kröfunni hafnað með úrskurði 26. sama mánaðar.

I.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo: Stefnandi var starfsmaður á pizzustað stefnda á tímabilinu frá júlí 1995 til og með mars 1996. Fólst starf hans aðallega í að aka pizzum á eigin bifreið til viðskiptamanna stefnda. Öll laun á tímabilinu voru reiknuð sem jafnaðarlaun, jafnvel þótt vinna væri innt af hendi eftir kl. 17 virka daga. Á nefndu tímabili ók stefnandi bifreið sinni 21.555 kílómetra fyrir stefnda og fékk fyrir hvern ekinn kílómetra greiddar að meðaltali 10,34 krónur, sem greiddar voru í formi sendingargjalds fyrir hverja ferð og eru ósundurlíðaðar á launaseðlum. Eftir uppkvaðningu

dóma Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 1. nóvember 1995 og 6. febrúar 1996, í málum Sigurjóns Jónssonar gegn T-67 hf. og Íslensku framtaki hf., þar sem deilt var um útreikning launagreiðslna, þ. m. t. akstursgreiðslna, leitaði stefnandi til stéttarfélags síns, Félags starfsfólks í veitingahúsum (FSV) vegna útreiknings á launum sínum. FSV ritaði stefnda bréf, dags. 20. mars 1996, og skoraði þar á stefnda að leiðrétta launagreiðslur til stefnanda í samræmi við útreikninga félagsins, bæði að því er varðaði launagreiðslur til samræmis við kjarasamninga og akstursgreiðslur vegna nota stefnanda á eigin bifreið í þágu stefnda. Hinn 7. maí 1996 gerði stefndi upp kröfu stefnanda, að því er varðaði leiðréttingu launagreiðslna samkvæmt tímaskráningu, en féllst ekki á greiðslu þess hluta kröfunnar, er varðaði aksturspeninga.

Stefndi greinir m. a. svo frá málsatvikum: Stefnandi vann hjá stefnda og sá meðal annars um dreifingu á framleiðsluvörum stefnda frá starfsstöð að Nethyl í Reykjavík. Stefnandi réð sig til starfa hjá stefnda á föstu tíma-kaupi, en fékk auk þess greitt fyrir bílaafnot með því að fá fast sendingargjald fyrir hverja pöntun og var þannig á sömu launakjörum og annað starfsfólk stefnda. Stefnandi skýrði ekki frá því, að hann héldi akstursbók, og lét ekki kvitta fyrir staðfestingu um akstur í bókina, eins og formið gerir ráð fyrir. Stefnandi sá sjálfur um uppgjör fyrir afnot af bifreið sinni með því að halda eftir greiðslum við daglegt uppgjör. Stefnandi hafði aldrei uppi at-
hugasemdir, er vörðuðu starfskjör sín, og eru bílagreiðslur á launaseðlum reistar á upplýsingum stefnanda sjálfs einvörðungu. Stefnandi tók greiðslur fyrir akstur á grundvelli sendingargjalds fyrir hverja pöntun, 150–250 krónur á pöntun eftir því, hve langt var farið við dreifinguna. Stefnandi fór að jafnaði með 2–4 pantanir í ferð. Með þessum hætti voru stefnanda og öðrum þeim, er unnu hliðstæð störf hjá stefnda, tryggðar tekjur fyrir afnot af bifreið, sem voru til muna hærri en viðmiðunartaxtar ríkisskattstjóra.

II.

Stefnandi segir enga samninga vera til milli atvinnurekenda og Félags starfsfólks í veitingahúsum um greiðslu fyrir akstur á eigin bifreið utan kafla 3.5.2. í kjarasamningi FSV, sem fjallar um akstur til og frá vinnu. Stefnandi reiknaði stefnanda að meðaltali 10,34 krónur fyrir hvern ekinn kílómetra. Þá segir í stefnu, að samkvæmt útreikningi ríkisskattstjóra hafi viðmiðunargjald fyrir afnot fyrirtækis af bifreið launamanns frá júlí til nóvember 1995 numið 33,50 krónum fyrir hvern kílómetra, en hækkað í 33,95 krónur 1. desember 1995 fyrir fyrstu 10.000 kílómetrana, en fyrir næstu 10.000 kílómetra hafi viðmiðunargjald þetta í júlí og þar til í nóvember 1995 numið 29,95 krónum á kílómetra, en hækkað 1. desember 1995 í 30,40 krón-

ur á kílómetra. Gjald þetta sé útreikningur á útlögðum kostnaði vegna notkunar bifreiðar og að teknu tilliti til fyrningar. Með því að stefnandi hafi fengið greitt að jafnaði 10,34 krónur fyrir hvern ekinn kílómetra í þágu stefnda, telur stefnandi sig hafa orðið að bera hluta af rekstrarkostnaði stefnda, allt eins og greint sé nánar frá á dskj. nr. 5.

Með vísan til meginreglna 1. gr. laga nr. 55/1980, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938 og 10. gr. laga nr. 19/1979, að umsamin launakjör samkvæmt kjarasamningum séu lágmarkskjör á vinnumarkaði, telur stefnandi, að stefndi hafi greitt sér 463.024 krónum of lítið fyrir akstur stefnanda í þágu stefnda samkvæmt þessum lagasjónarmiðum. Þá heldur stefnandi því fram, að stefndi hljóti að bera hallann af því, að launaseðlar sýni hvorki einingafjöldi né einingaverð greiðslu fyrir akstur, svo sem reglur um tekjuskraningu, reikningsfærslu og sundurliðun launaseðla áskilji.

Þá kveðst stefnandi miða við ákvæði 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 með áorðnum breytingum. Sömu sjónarmið búi að baki þeim lagaákvæðum og liggi að baki ákvæðum laga og samninga um lágmarkskjör, þ. e. að tryggja launþega lágmarkskjör í samningum við launagreiðendur, sem hafi yfirburðaaðstöðu við ráðningu starfsmanna sinna. Ósanngjarnt verði að telja, að stefndi geti borið fyrir sig ráðningarsamning, sem sé andstæður umsömdum lágmarkskjörum á vinnumarkaði og feli jafnframt í sér verulega þátttöku stefnanda í kostnaði stefnda við að koma framleiðslu sinni til neytenda.

Stefnandi vísar sérstaklega til fordæma héraðsdómsmálanna E-9026/1994: Sigurjón Jónsson gegn T-67 hf., og E-1393/1995: Sigurjón Jónsson gegn Íslensku framtaki hf., máli sínu til stuðnings.

III.

Stefndi reisir kröfu sína um sýknu aðallega á því, að hann hafi að fullu efnt allar skyldur sínar samkvæmt starfssamningi málsaðila. Fyrir afnot bifreiðar stefnanda í þágu stefnda hafi verið greitt 150–250 krónur fyrir hverja pöntun eftir því, hve langt var ekið. Stefnandi hafi farið að jafnaði með fleiri en eina pöntun í hverja ferð og því haft drjúgar tekjur fyrir bifreið sína, en hafi auk þess verið á föstu tímakaupi hjá stefnda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þessi skipan mála um greiðslur fyrir afnot bifreiðar hafi komist á með samkomulagi allra, sem að því stóðu, og hafi Félag starfsfólks í veitingahúsum engan reka gert að því að semja sérstaklega um greiðslur fyrir þessi afnot fyrir hönd umbjóðenda sinna. Stefnandi kveður dóma í málunum E-9026/1994 og E-1393/1995 ekkert fordæmisgildi hafa í þessu máli, enda hafi þar verið deilt um, hvort vikið yrði til hliðar samningi um greiðslu fyrir hvern ekinn kílómetra í þágu atvinnurekandans eða ekki.

Stefndi mótmælir því, að akstursbók stefnanda verði lögð til grundvallar kröfugerð stefnanda, og þeirri staðhæfingu stefnanda, að honum hafi einungis verið greiddar 10,34 krónur fyrir hvern ekinn kílómetra í þágu stefnda.

Komist dómariinn að þeirri niðurstöðu, að stefnandi eigi þrátt fyrir allt enn ógreitt fyrir akstur, krefst stefndi lækkunar á þeirri kröfu og mótmælir vöxtum fyrr en frá og með dómsuppsögu. Þá mótmælir hann því, að í lögskiptum málsaðila séu skilyrði til að víkja samningi málsaðila til hliðar á grundvelli ákvæða 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Enn fremur mótmælir stefndi því, að stefnandi fái aukið við kröfugerð sína með því að skila sókn í málinu.

IV.

Niðurstaða.

Ætla verður, að stefnda hafi verið í lófa lagið að gera fullkomna grein fyrir kaupum sínum á akstri stefnanda með pizzur. Samkvæmt framburði framkvæmdastjóra stefnda fyrir dómi var tölvuskráð m. a., hvað pantað var, hver pantaði og hvert átti að senda pöntunina, og pöntun auk þess skráð á númer þess starfsmanns, sem hvert sinn var ætlað að fara með pöntunina þangað, sem óskað var eftir, að hún yrði send. Með þessum upplýsingum hefði mátt tilgreina með nokkurri nákvæmni, hve marga kílómetra alls stefnandi ók í þágu stefnda. Stefndi kaus að leggja ekki þessar upplýsingar fram þrátt fyrir áskorun stefnanda, og verður að meta það svo, að stefndi hafi ekki talið sér hag af því miðað við kröfugerð stefnanda.

Stefnandi vísar til héraðsdóma, þar sem matsreglur ríkisskattstjóra á endurgreiddum bifreiðakostnaði til launamanns vegna afnota launagreiðanda af bifreið launamanns eru lagðar til grundvallar niðurstöðum um, hver sé lágmarksgreiðsla fyrir akstur eins og hér um ræðir. Dómum þessum hefur ekki verið hnekkt, og eru þeir því fordæmi í þessu máli.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísun til röksemda stefnanda verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda, svo sem dómsorð greinir.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði stefnanda 150.000 krónur í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, enda verður ekki talið, að krafa um málskostnað hafi komið of seint fram, eins og hér háttar.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hrói höttur ehf., greiði stefnanda, Þóri Unnari Valgarðs-
syni, 463.024 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxta-
laga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá 1. apríl 1996 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 150.000 krónur alls í málskostnað.
